

Gæðastefna Reykjalundar



Reykjalundur leggur áherslu á að veita endurhæfingu samkvæmt bestu þekkingu, sem byggir á hugmyndafræði endurhæfingar samkvæmt Alþjóða heilbrigðismálastofnuninni WHO sjá vefsíðu: <http://www.who.int/topics/rehabilitation/en/>

Til þess að ná settu markmiði setur Reykjalundur sér gæðastefnu

Í henni felst:

- þverfagleg teymisvinna með skýru samskiptaferli.
- heildræn nálgun, með heilsu og velferð sjúklinga að leiðarljósi.
- einstaklingsmiðuð meðferð, sem hefur skýr og mælanleg markmið.
- árangursmiðuð meðferð þar sem árangur er metinn með viðurkenndum og viðeigandi mælitækjum (hlutlægum og huglægum).
- virk tengsl við háskólasamfélagið. Áhersla á rannsóknir, gagnreynd vinnubrögð og skýra verkferla. Gæðavísar, gæðastaðlar, gæðahandbækur haft að leiðarljósi.
- að skráð er samkvæmt hugmyndafræði og markmiðum endurhæfingar í skráningarkerfi sem tryggir vernd persónuupplýsinga.
- skipuleg vinna með biðlista, forskoðun til að koma fólki af stað á meðan það bíður endurhæfingar, eða aðstoð við að finna önnur úrræði við hæfi.
- virk samskipti við þá sem sjá um þjónustu úti í samfélaginu, svo sem starfsendurhæfingu, heilsugæslu, þjálfunarstöðvar og fleira.
- möguleiki á endurtekningu, ef sjúkdómur er versnandi og sjúkdómsástand/færni/lífsgæði einstaklingsins breytist.
- meðferð sem er fylgt eftir á skipulagðan hátt með eftirfylgd og þjónustukönnunum.